

Úrskurður

Agamál nr. 53/2019-2020

Viðburður:	Leikur Stjórnunnar og UMFG í Dominos deild karla sem fram fór í Garðabæ þann 3. febrúar 2020.
Kærði:	Seth Christian LeDay, leikmaður UMFG
Ábending:	Körfuknattleiksdeild Stjórnunnar

Málavextir

Þann 5. febrúar 2020 var með vísan í 3. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd lögð fram ábending af hálfu körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar gegn hinum kærða. Með ábendingu fylgdi myndbrot. Kom fram í ábendingunni að um miðbik þriðja fjórðungs áður nefnds leiks hafi hinn kærði veitt leikmanni Stjórnunnar, Kyle Johnson, högg í hnakkann, með þeim afleiðingum að Johnson féll til jarðar. Hafi leikmanninum ekki verið gerð refsing fyrir í leiknum. Væri það ótvírætt mat Stjórnunnar að framangreint atvik hefði átt að leiða til þess að leikmanninum yrði veitt brottrekstrarvilla skv. 38. gr. körfuknattleiksreglna FIBA, enda um fólskulegt brot að ræða. Jafnframt kom fram af hálfu Stjórnunnar að það sæist á myndbandsupptökunni að Johnson hefði snúið baki í leikmanninn og boltinn hefði verið víðsfjarri þegar leikmaðurinn lemur, að því er virðist, af ásetningi í hnakka hans. Í ljósi þess teldi Stjarnan að fullt tilefni væri til að aga- og úrskurðarnefnd tæki framangreint atvik til meðferðar á grundvelli 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þrátt fyrir að dómara leiksins hefðu ekki vísað leikmanninum af velli, enda væri það mat félagsins að myndbandsupptakan sýndi með óyggjandi hætti að brot hefði verið framið sem varðar brottrekstur.

Þann 6. febrúar 2020 var óskað eftir athugasemdum UMFG við ábendinguna með þeim skilaboðum að nefndin ætlaði að taka ábendinguna til meðferðar. Var félaginu gefinn frestur til hádegis 10. febrúar 2020. Jafnframt var óskað eftir álitum dómara leiksins á ábendingunni. Þann 7. febrúar 2020 bárust sérstök mótmæli UMFG, sbr. hér nánar á eftir.

Þann 9. febrúar 2020 óskaði UMFG eftir nánar tilgreindum gögnum/upplýsingum ásamt ósk um tveggja daga viðbótarfrest til andmæla. Kom eftirfarandi fram af þeirra hálfu:

„Í tölvupósti þínum til fulltrúa stjórnar Kkd. UMFG, dags. 6. febrúar sl. upplýstir þú að Aga- og úrskurðarnefnd hafi ákveðið að taka málið fyrir og að því sé „þetta orðin kæra“ eins og þú orðaðir það. Jafnframt upplýstir þú að félagið hafi frest til mánudagsins 10. febrúar á hádegi til að koma að andmælum í málinu.

Til þess að félagið geti nýtt andmælaréttinn er nauðsynlegt að fá svör við eftirgreindum spurningum:

11) Hvenær kom aganefnd saman og tók ákvörðun um að ábending frá Stjórnunni gæfi tilefni til málsmeðferðar skv. 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar?

22) Var ákvörðunin í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar?

33) Hvaða sjónarmið lágu til grundvallar hjá nefndinni sem leiddu til þess að nefndin taldi brýna nauðsyn í skilningi 1. máls. 2. mgr. 4. gr. til að halda aukafund vegna málsins? Í því sambandi má geta þess að nefndin taldi ekki brýna nauðsyn til að koma saman á fundi eftir að þeim varð ljóst að kveðinn hafði verið upp rangur úrskurður í máli nr. 39/2019-2020.

Þá er af sama tilefni óskað eftir afritum af eftirgreindum gögnum:

11) Tölvupósti frá Stjórnunni varðandi ábendinguna þar sem fram kemur tímasetning móttöku í innhólf KKÍ

22) Beiðni skrifstofu KKÍ til dómara leiksins þar sem þeir eru beðnir um að tjá sig um atvikið og tímastimpil á því

33) Fundargerð aganefndar þar sem ákvörðun var tekin um að tilefni væri til að hefja málsmeðferð skv. 7. gr. 6. gr. rgj.

Þá er að lokum óskað eftir því að sá frestur sem félagið fékk til að skila greinargerð í málinu verði framlengdur um tvo sólarhringa frá þeim tíma er umbeðin gögn berast.“

Framangreindri ósk UMFG var hafnað þann 10. febrúar 2020 þar sem gögn málsins lægu fyrir og UMFG hefði haft nægt svigrúm til andmæla.

Andmæli UMFG bárust síðan 10. febrúar 2020, sbr. nánar hér á eftir.

Álit dómara leiksins

Í álit dómara leiksins kom eftirfarandi fram:

„Myndbrotið tala fyrir sig sjálfst varðandi snertingar á milli leikmanna UMFG (blár nr. 3) og leikmans [sic] Stjörnunnar (hvítur nr. 1).

Bent er á í kærinni að atvikið varði grein 38. í reglunum. Við höfum einangrað þá liði sem mögulega snúa að snertingum leikmanna á vellinum í 38. grein.:

38.1.1 A disqualifying foul is any flagrant unsportsmanlike action by players...

38.2.3 Any ...(player)... who are guilty of flagrant acts of aggression against opponents or officials shall be disqualified.

Í leikreglutúlkunum FIBA (OBRI) er ekki að finna neina túlkun sem nýtist við lausn atviksins.

Það verður að viðurkennast að textinn er fremur einfaldur og raun heilmikið rými fyrir túlkun dómara. Fyrirmæli FIBA í gegnum kennsluefni til dómara þjálfara dómara í raun ekki með beinum hætti hvað varðar brottrekstur eins og það gerir um ýmsa aðra þætti leiksins.

Eftir samtöl við málsmetandi aðila í hreyfingunni, innan lands og utan, þá stendur valið milli 38. greinar og greinar 37 um óíþróttamannslegar villur. Þar sem atvik af þessum toga eru sem betur fer ekki algeng er ekki til augljós dómafordæmi sambærilegra atvika.

Enginn dómara sá þetta atvik með þessum hætti í leiknum og gat þar með ekki myndað sér skoðun á því. Eftir að hafa skoðað atvikið vel af upptökunni er það mat okkar að rétt hefði verið að víkja leikmanni UMFG, bláum nr. 3, af leikvelli á staðnum. Þetta álit okkar styður Davorin Nacic yfirmaður dómaramála hjá FIBA í Evrópu.“

Greinargerð UMFG

Athugasemdir og mótmæli bárust frá UMFG fyrst þann 7. febrúar 2020 en þar kom fram:

„Við erum að vinna í andsvörum til varnar en ákváðum strax að mótmæla þessari myndbandsupptöku sem dómurunum er sýnd sem gefur bara alls ekki nógu góða mynd af þessu atviki af okkar mati. Myndbandið klippir á viðbrögð leikmanna eftir meint brot. Svo það að dómara hafi ekki séð þetta svona í leiknum en sjái þetta öðruvísi þegar þeir horfa á klippta slow motion útgáfu. Er í alvörunni verið að opna á það að veféngja alla dóma afturvirkir af því að dómara gætu séð hlutina öðruvísi daginn eftir eða jafnvel tveimur dögum eftir það. Við þurfum heldur betur að bæta okkur í svona ábendingum, það gæti verið að opnast eitt stk Pandóru box þarna.

Við óskum eftir að fá dómara til skoða myndbandið aftur (líklega of seint þar sem búið er að láta þá mynda sér skoðun á þessu nú þegar) en að neðan er lengri útgáfa sem sýnir

auljóslega af okkar hálfu að þetta er ekki eins mikill contact og hægt er að ímynda sér, sér í lagi miðað við slagsmálin sem voru búin að vera í þessum leik. Við erum að undirbúa andsvör þar sem mun koma fram að aðilarnir tveir voru búnir að berjast allan leikinn og mikilvægt er að meta allt svona m.v.línuna sem dómara eru búnir að leggja í leiknum. Við erum ekki að afsaka þessa hegðun hjá leikmanni nr. 3 hjá Grindavík en miðað viðbrögð leikmanns nr. 1 hjá Stjörnunni þá er þetta bara meira ýtt í hnakka heldur að hann sé að meiða hann. Hann stendur beint upp - kveinkar sé ekki neitt - biður ekki um neitt og hleypur í sókn, hann lítur bara aldrei á dómara eftir þetta, það finnst okkur mjög skrítið ef þetta var svona mikið högg. Lítur miklu meira út fyrir að vera soft hjá leikmanni nr. 1 hjá Stjörnunni að halla sér fram við snertinguna sem við erum auðvitað ekki að réttlæta. En þetta átti ekki að vera svona langt svar frá mér. Við erum að undirbúa málsvörn en óskum s.s. að dómarnir horfi á alla klippuna og vonandi skipta þeir aftur um skoðun og treysti sinni upphaflegu dómgreind þegar þeir sáu þetta í leiknum live. Ef ekki þá óskum við eftir því að nefndin taki þetta til skoðunar þegar við sendum greinargerðina.“

Andmæli UMFG bárust svo þann 10. janúar 2020. Í þeim kom eftirfarandi fram:

„Hinn 6. febrúar sl. um hádegi barst tilkynning til Kkd. UMFG (hér eftir félaginu) frá skrifstofu KKÍ um að fram hafði komið ábending til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ frá Stjörnunni um atvik sem átti sér stað í leik Stjörunnar og Grindavíkur er fram fór hinn 3. febrúar sl. Ábendingunni fylgdi 18 sekúnda langt myndbrot sem Stjarnan hafði klippt úr leiknum.

Í ábendingunni er atvikinu lýst svo: „[U]m miðbik þriðja fjórðungs áðurnefnds leiks veitti leikmaðurinn [Seth LeDay, leikmaður Grindavíkur] leikmanni Stjörunnar, Kyle Johnson, högg í hnakkann, með þeim afleiðingum að Johnson féll til jarðar.“

Samkvæmt skrifstofu KKÍ barst ábendingin kl. 20:00 hinn 5. febrúar sl. og barst ábendingin því innan þess frests sem áskilinn er í ákvæðum 6. mgr. 8. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Sama dag (6. febrúar sl.) um kl. 16:00 kom fram í samskiptum starfsmanns KKÍ og félagsins að aga- og úrskurðarnefnd hefði tekið ákvörðun að taka málið fyrir nefndina og um kl. 18:00 var veittur frestur til kl. 12:00 hinn 10. febrúar til að skila inn greinargerð vegna málsins.

Hinn 7. febrúar um hádegisbil sendi starfsmaður KKÍ félaginu umsögn dómara leiksins en í umsögninni kom fram að ósk hafði borist frá skrifstofu KKÍ um að dómara myndu tjá sig um atvikið sem til skoðunar er hjá aga- og úrskurðarnefnd. Í umsögninni er vísað til myndbrotsins sem fylgdi ábendingu Stjörunnar.

Sama dag um kl. 14:00 sendi félagið myndbrot af atvikinu sem sýnir lengri atburðarrás, þ.e. frá því að atvikið átti sér stað og þar til Stjarnan er komin í sókn á hinum enda vallarins [tengill]. Samhliða var lögð fram ósk af hálfu félagsins að dómara leiksins myndu skoða myndbandið og eftir atvikum endurmeta umsögn sína. Ekki hafa borist viðbrögð við því af hálfu skrifstofu KKÍ.

Efnislegar athugasemdir: Í ábendingunni kemur fram að það sé ótvírætt mat Stjórnunnar að framangreint atvik hefði átt að leiða til þess að leikmanninum yrði veitt brottrekstrarvilla skv. 38. gr. körfuknattleiksreglna FIBA, enda er það mat Stjórnunnar að um fólkskulegt brot hafi verið að ræða. Tekið er fram að á myndbandinu [sjá hér] sjáist að Johnson snúi baki í leikmanninn [Seth LeDay], boltinn er víðsjarri þegar leikmaðurinn lemur að því er virðist af ásetningi í hnakka Johnson. Í tilvitnaðri myndbandsupptöku er atvikið endursýnt ítrekað en ekki er unnt að sjá atburðarrásina í framhaldinu. Félagið bendir einnig á að boltinn er í loftinu þegar atvikið á sér stað og því hægt að halda því fram að boltinn sé ekki víðs fjarri heldur eigi báðir aðila möguleika á að koma sér í frákast. Það rennir stoðum undir að notast við 37. gr. körfuknattleiksreglna FIBA að mati félagsins.

Í þeirri myndbandsupptöku sem félagið (UMFG) hefur lagt fram sést glögg að afleiðingar atviksins sem Stjarnan lýsir sem fólkskulegu broti eru engar. Leikmaðurinn fellur ekki „til jarðar“ eins og fram kemur í ábendingu Stjórnunnar, heldur beygir hann sig niður í 2 – 3 sekúndur, réttir að svo búnu úr sér og móttækur sendingu frá samherja og hefur sókn Stjórnunnar. Á engu tímamarki kveinkar hann sér, hann hvorki grípur né strýkur um höfuðið sér eins og vænta má ef viðkomandi upplifir sársauka. Þá lítur hann hvorki til dómara né kvartar eins og vænta má ef rétti manns er hallað í leik, hvað þá ef maður er beittur fólkskulegu broti eins og Stjarnan heldur fram. Að virtu framansögðu þykir sýnt fram á að afleiðingar háttsemi leikmanns Grindavíkur eru engar og að ótækt sé að skilgreina atvikið sem alvarlega grófan leik.

Þá bendir félagið á ummæli dómara í umsögn sinni til skrifstofu KKÍ svohljóðandi: „Enginn dómara sá þetta atvik með þessum hætti í leiknum og gat þar með ekki myndað sér skoðun á því.“ Samkvæmt almennum orðskilningi verður ekki önnur ályktun dregin en sú að einn eða fleiri dómara leiksins sáu atvikið, a.m.k. með öðrum hætti. Þeir höfðu því alla möguleika á því að stöðva leikinn og skoða atvikið betur eins og alsíða er þegar leikir eru í beinni útsendingu eins og þessi leikur var. Þeir tóku hins vegar ákvörðun um að gera það ekki. Í því sambandi bendir félagið á að samkvæmt 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál kemur fram að nefndin skuli vera bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun. Ákvörðun dómara í þessu tilviki var á þá leið að ekki var ástæða til að aðhafast frekar.

Telji nefndin ástæðu til að leggja sérstakt mat á atvikið þrátt fyrir að dómara leiksins hafi látið það átölulaust er það mat félagsins að líta þurfi til sambærilegra atvika úr öðrum leikjum Íslandsmótsins á líðandi tímabili þar sem reynir á skilin á milli ásetningsvillu og brottrekstrarvillu. Félagið leggur fram myndbrot úr nokkrum leikjum þar sem mun grófar brot eiga sér stað og afleiðingar þeirra eru mun alvarlegri. Í þeim tilvikum er niðurstaða dómara á þá leið að dæmd er ásetningsvilla.

Sérstaklega vill félagið benda á myndbrot [sjá hér] úr leik Tindastóls og KR þann 2. febrúar 2020 þar sem dómara leiksins skoða atvikið gaumgæfilega í endursýningu og niðurstaða þeirra varð sú að dæma ásetning en ekki brottrekstrarvillu. Það þykir ekki hátt reitt til höggs að fullyrða að það brot sem til skoðunar var í þeim leik var að miklum mun grófara en það brot sem nú til skoðunar er hjá nefndinni. Á það jafnt við um brotið sjálft (þ.m.t. höggþunga) og afleiðingar brotsins en leikmaður Tindastóls lá óvígur eftir.

Í eftirgreindum myndbrotum má einnig sjá grófari brot þar sem dómara dæma ýmist ásetning eða ekki neitt, og ekki þótti ástæða til að skoða brotin betur, t.d. af hálfu dómara nefndar KKÍ sem hefur ábendingarétt til aga- og úrskurðarnefndar:

- 1) *Myndbrot úr leik Fjölnis og KR, dags. 17. október 2019 [tengill]*
- 2) *Myndbrot úr leik Stjörnunnar og Keflavíkur, dags. 25. október 2019 [tengill]*
- 3) *Myndbrot úr leik Keflavíkur og Vals, dags. 31. október 2019 [tengill]*
- 4) *Myndbrot úr leik Grindavíkur og Vals, dags. 21. nóvember 2019 [tengill]*

Að virtu framangreindu hvetur félagið aga- og úrskurðarnefnd til að skýra ákvæði 38. gr. körfuknattleiksreglna FIBA þröngri skýringu og fella atvikið sem til skoðunar er utan þeirra. Í því sambandi telur félagið rétt að leikmanninum verði gert að sæta áminningu. “

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Skv. ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) er nefndinni heimilt að taka til meðferðar ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Í ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir jafnframt að þeim aðilum er hafa bein tengsl við leiki í mótum á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppni, fyrirtækjabíkar, meistarakeppni og landsleikir) sé heimilt að leggja fram hvers kyns gögn eða skriflegar athugasemdir til aga- og úrskurðarnefndar sem ábendingu um agabrot. Stjarnan var annað liðanna sem tók þátt í viðkomandi leik og hafði því bein tengsl við hann, sbr. framangreint, og hefur því rétt til að leggja fram ábendingu vegna hans.

Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar fjallar um sérstakar málsmeðferðarreglur vegna agamála. Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu. Um er að ræða grundvallarreglu í almennum agamálum. Frá þessari grundvallarreglu hefur verið gerð undantekning í ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar en þar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Af þessu má vera ljóst að aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að beita viðurlögum vegna agabrota, jafnvel þó dómurum leiks hafi yfirsést eða gert mistök vegna tiltekins atviks, ef óbyggjandi gögn sýna fram á að brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstrarvillu og þar með hefði viðkomandi einstaklingi átt að vera vísað af leikvelli.

UMFG voru afhent öll gögn málsins, nánar tiltekið ábendinguna frá Stjörnuni, tengil á myndbandsupptökuna og álit dómara leiksins. Félaginu var veittur tæpur fjögurra daga frestur til andmæla, sem er lengri frestur en gert er ráð fyrir í ákvæði 6. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Hefur því upplýsinga- og andmælaréttur UMFG verið virtur í hvívetna og félagið fengið sanngjarnt tækifæri til að tjá sig um atvik það sem er til umfjöllunar í máli þessu.

Af myndbandsupptökunni sem fylgdi ábendingu má sjá að hinn kærði, án sérstaks aðdraganda og víðsfjarri þeim stað sem boltinn er, slær leikmann Stjórnunnar þéttingsfast í höfuðið með flötum lófa. Dómarar leiksins sáu viðkomandi atvik ekki með þeim hætti sem af myndbandsupptökunni leiðir og gátu þ.a.l. ekki myndað sér skoðun á því þá. Í álit þeirra kemur fram að atvik þetta hefði átt að leiða til brottrekstarvillu og er það rökstutt með ítarlegum hætti. Aga- og úrskurðarnefnd tekur undir þetta álit dómaranna. Hefur því verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstarvillu og hinum kærða hefði þar með átt að vera vísað af leikvelli, sbr. ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Hafa önnur atvik, í öðrum leikjum, ekki áhrif á þetta mat í þessu máli.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu c) liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun ber nefndinni líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. En þar sem hinum kærða var ekki veitt brottrekstarvilla í leiknum, sem er skilyrði fyrir því að beita ákvæði c) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki hægt að byggja viðurlög alfarið á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að framangreint sé til leiðbeiningar um viðurlög. Aftur á móti segir í ákvæði j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar að sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem hafi ekki verið vísað af leikvelli eða leikstað sé aga- og úrskurðarnefnd heimilt að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann.

Með vísan til ákvæðis j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. til hliðsjónar c) lið 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta eins leiks banni vegna hins kærða atviks.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Seth Christian LeDay, skal sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar leik Stjórnunnar og UMFG í Dominos deild karla sem fram fór í Garðabæ þann 3. febrúar 2020.

Reykjavík 11. janúar 2020

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson